

Hulda Pálmadóttir
Útför frá Ísafirði 18. nóvember 2018

Lexía: Sírak 17.1-5

Drottinn skapaði manninn af moldu
og lætur hann hverfa aftur til jarðar.
Hann markaði mönnum daga og æviskeið
og gaf þeim vald yfir öllu á jörðu.
Guð veitti þeim hlutdeild í mætti sínum
og skapaði þá í sinni mynd.
Hann lét allt sem lifir hafa beyg af mönnum
og lét þá drottna yfir dýrum og fuglum.
Drottinn gaf þeim fimm hæfileika,
sjötta gjöf hans er hugur
og sjöunda gjöfin skynsemin,
sem skýrir aðrar gjafir hans.

Pistill: Filippí 4.4-9

Verið ávallt glöð í Drottni. Ég segi aftur: Verið glöð. Ljúflyndi ykkar verði kunnugt öllum mönnum. Drottinn er í nánd. Verið ekki hugsjúk um neitt heldur gerið í öllum hlutum óskir ykkar kunnar Guði með bæn og beiðni og þakkargjörð. Og friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, mun varðveita hjörtu ykkar og hugsanir ykkar í Kristi Jesú. Að endingu, systkin, allt sem er satt, allt sem er göfugt, rétt og hreint, allt sem er elskuvert og gott afspurnar, hvað sem er dygd og hvað sem er lofsvert, hugfestið það. Þið skuluð gera þetta, sem þið hafið bæði lært og numið, heyrt og séð til mín. Og Guð friðarins mun vera með ykkur..

Guðspjall: Matteus 4.26-32

Lítið til fugla himinsins. Hvorki sá þeir né uppskera né safna í hlöður og faðir yðar himneskur faðir þá. Eruð þér ekki miklu fremri þeim? Og hver yðar getur með áhyggjum aukið einni spönn við aldur sinn?

Og hví eruð þér áhyggjufull um klæðnað? Hyggið að liljum vallarins, hversu þær vaxa. Hvorki vinna þær né spinna. En ég segi yður: Jafnvel Salómon í allri sinni dýrð var ekki svo búinn sem ein þeirra. Fyrst Guð skryðir svo gras vallarins sem í dag stendur en á morgun verður í ofn kastað, skyldi hann þá ekki miklu fremur klæða yður, þér trúlítill!

Segið því ekki áhyggjufull: Hvað eigum vér að eta? Hvað eigum vér að drekka? Hverju eigum vér að klæðast? Allt þetta stunda heiðingjarnir og yðar himneski faðir veit að þér þarfnist alls þessa. En leitið fyrst ríkis hans og réttlætis, þá mun allt þetta veitast yður að auki.

I.

Náð sé með yður og friður frá Guði föður vorum og Drottni Jesú Kristi. Amen.

Í dag verður til moldar borin hér á Ísafirði Hulda Pálmadóttir, sem kvaddi þennan heim á sínu 92. aldursári. Síðustu mánuði ævi sinnar var hugur hennar farinn að leita æ oftast á æskulóðirnar í Ögurnesi, þar sem hún sleit barnsskónum. Í huganum sá hún húsin, sem stóðu þarna. Æskuheimili hennar fremst á tanganum, svo húsið sem var kennt við Andrés afa hennar, húsið undir saltfiskverkunina og svo hin húsin en alls

bjuggu þarna um 40 manns. Þegar mest var þá voru í Ögurnesinu 70 manns með verbúðarmönnum.

Nú í dag er þetta litla nes autt og fátt, sem minnir á gömlu byggðina, sem er eins og horfinn heimur. Í barðinu rétt fyrir neðan veginn er enn að finna litla uppsprettu, sem aldrei frýs. Þangað sótti fólk sér vatn og þetta vatn var leitt í húsið, sem hún Hulda átti heima í; eina húsið með rennandi vatni á nesinu.

2. júní 1941 fermdist Hulda í Ögurkirkju. Með henni fermdust fimm önnur börn; það voru systurnar frá Svalbarði, Sigríður og Karistas Hermannsdætur, Hannes Alfonsson frá Garðstaða-grundum, Sigríður Aðalsteinsdóttir frá Laugabóli og Kristín Valdimarsdóttir frá Blámýrum. Og hvað skyldi presturinn, hann sera Óli Ketilsson hafa sagt við börnin og fólkið í kirkjunni? *Hyggið að liljum vallarins!* Presturinn talaði um æðruleysi, um mikilvægi þess að minnast þess að yfir þeim vakti algóður Guð, sem öllu stýrði og héldi verndarhendi sinni yfir þeim. Fyrir fólkið, sem bjó við Djúpið og þar sem lífsbjörgin byggðist á því að setja fram bát og róa til fiskjar þá var þetta heilnæmur boðskapur um að treysta Guði fyrir sjálfum sér og lífi sínu. Af slíku trausti sprettur öryggi. Sama hvað á gengur þá æðrast fólki ekki vegna þess að það veit að Guð gætir þeirra og það nægir þeim.

Vandi margra nútímamanna er sá að það er ekkert æðra þeim sjálfum. Þeir trúa ekki á Guð, þeir standa einir í veröldinni og ef þeirra atorka og úrræði hrökkva ekki til þá er allt glatað. Lífsangistin leggst þá eins og mara á sálina.

Þannig var Hulda ekki. Hún var hæglát og yfirveguð. Ekkert kom henni úr jafnvægi. Þegar óvænta gesti bar að garði, sem þurfti að elda handa mat og útbúa handa gistirúm þá var ekkert stress eða óðagot. Allt leysti húsmóðirin á sinn yfirvegaða máta. Hún var lífsglöð kona. Það var skemmtilegt að umgangast hana Huldu. Hún var vinur vina sinna, tryggjind kona og vel gerð.

II.

Kristín Hulda Pálmadóttir hét hún fullu nafni. Hún var fædd hér á Ísafirði þann 16. september árið 1927. Foreldrar hennar voru hjónin Guðfinna Andrésdóttir húsmóðir og Pálmi Gunnar Gíslason útvegsbóndi í Ögurnesi. Var hún einkadóttir þeirra hjóna. En með fyrri manni sínum, Hermanni Björnssyni átti Guðfinna fimm börn. Þessi hálsystkini Huldu voru þau Unnur, Steinunn, Skúli, Guðmundur og Andrés.

Guðfinna, móðir Huldu veiktist þegar hún gekk með hana og þurfti hún að liggja á sjúkrahúsi. Huldu var þá komið í fóstur til þeirra systra í Ögri, Halldóru og Ragnhildar Jakobsdætra, sem báðar voru ógiftar og höfðu aldrei komið nálægt barnauppleidi. Kristín, kona Þórðar í Odda sá um heimili Guðfinnu í veikindum hennar. Vorið eftir hafði Guðfinna náð aftur heilsu. Þá tók hún við heimili sínu og Kristín Hulda var skírð í Ögurkirkju.

Það var gott að alast upp í Ögurnesinu. Þar voru önnur börn að leika við. Leiksvæðið voru fjaran og klampirnar, holóttir steinar og svo fjallshlíðin þar sem hægt var að renna sér á sleða. Barnaskólinn var í samkomuhúsinu í Ögri og þangað gekk Hulda með skólasystur sínum, annað hvort eftir fjörinni eða

kindagötunni í hlíðinni. Þetta var langur gangur og í myrkrinu fannst Huldu hún stundum sjá einhverjar verur á sveimi bak við steina, enda voru slíkar álfasagnir og þjóðsögur sagðar á kvöldin börnum og fullorðnum til skemmtunar. Veturinn áður en Hulda fermdist þá var hún hjá Skúla bróður sínum í Hnífsdal og gekk þar í barnaskóla.

Sólveig Gísladóttir og Hafdís Sunna Hermannsdóttir eru staddar erlendis og gátu ekki verið með okkur hér í dag. Þær minnst Huldu með hlýju og kærleika og senda hinstu kveðju með þakklæti fyrir tryggja og kærleiksríka frændsemi og vináttu.

Hulda var einn vetur í Reykjanesskóla eftir fermingu. Síðan var hún heima og hjálpaði móður sinni með heimilishaldið. En hugur hennar stóð til frekara náms og því hélt hún til Ísafjarðar og var hér í gagnfræðaskóla í tvo vetur. Um það leyti hættu foreldrar hennar búskap í Ögurnesinu og fluttu hingað út á Ísafjörð á efri hæðina í Mjógötu 5. Voru þau síðustu ábúendurnir til að flytja úr Ögurnesi.

III.

Að loknu gagnfræðaprófi þá starfaði Hulda í apoteki Ísafjarðar. Í þá daga voru öll meðul búin til og löguð á staðnum. Lyfsalinn og aðstoðarstúlkur hans muldu efnin í motéli, þeim var blandað saman og lagað úr þeim meðal, annað hvort í fljótandi formi eða þá að slegnar voru töflur úr duftinu.

Það er skemmtileg ljósmynd af Huldu á annarri síðu gafljóðanna. Þar stendur hún í fallegri kápu fyrir framan

Hörsholm Apothek í Danmörku en þar starfaði hún á annað ár. Síðan vann hún um skeið í Ingólfsapoteki í Reykjavík áður en hún sneri aftur til Ísafjarðar og fór að vinna hér við sitt fyrra starf í apotekinu.

Það er ungu fólki nauðsynlegt að hleypa heimdragann og sjá sig um í heiminum, kynnast nýjum stöðum og nýju fólki. Þetta getur fólk gert gegnum vinnu eða með því að sækja skóla. Ný reynsla eykur fólki víðsýni og kennir okkur að meta betur það sem við eigum heima fyrir.

Sem ung kona þá vildi Hulda eignast sitt eigið heimili og fjölskyldu. Hún þekkti góðan mann, sem hún hafði kynnst í skátastarfinu, Ísfirðinginn Jón Pál Halldórsson. Raunar lágu leðir þeirra saman miklu fyrr. En sumarið þegar Hulda var sjö ára og Jón Páll fimm ára þá mun Hulda nokkrum sinnum hafa komið í heimsókn í Odda og hitt þar dreng, sem var fótbrotinn og í gifsi og gat því ekki gengið. Móðir drengsins, sem síðar átti eftir að verða tengdamóðir Huldu, veitti því athygli að stúlkunni var mjög umhugað um að rétta syni hennar hjálparhönd fyrst hann gæti ekki hlaupið um og leikið sér líkt og hin börnin. Eigi leyna augu ef ann stúlka manni.

Þau Hulda og Jón Páll gengu í heilagt hjónaband á sumardaginn fyrsta árið 1953. Þau giftu sig heima hjá prestinum í Pólgötunni, séra Sigurði Kristjánssyni eins og þá var til siðs. Svo héldu þau boð fyrir foreldra sína heima í íbúðinni, sem þau leigðu sér á Grundargötunni. Kvöldið eftir buðu þau vinkonum Huldu úr saumaklúbbnum og laugardagskvöldið buðu þau vinum. Veislunni var sem sagt skipt niður á þrjú kvöld því íbúðin var

svo lítil. Um sumarið fóru þau svo í brúðkaupsferð til Kaupmannahafnar og Parísar.

Þegar Hulda eignaðist börnin sín þá ákvað Hulda að helga sig algjörlega uppeldi barnanna og umsjón heimilisins. Þetta gerðu konur á þessum tíma. Fyrstu árin í lífi hvers barns eru mjög mikilvæg því þá er lagður grunnur að frekari þroska og mótun persónunnar. Í nútímanum hafa dagmæður og leikskólar tekið að sér þetta hlutverki að einhverju leyti.

Þau Hulda og Jón Páll eignuðust þrjú börn. Elstur er Halldór, bæklunarskurðlæknir. Hans kona er María Guðnadóttir hjúkrunarfræðingur. Þau eiga 6 börn.

Miðbarnið er dóttirin Guðfinna. Hún er hjúkrunarfræðingur. Hennar maður er Halldór Jakob Árnason viðskiptafræðingur. Þau eiga 2 börn.

Yngstur er Pálmi Kristinn, vélfræðingur. Hans kona er Jóhanna Jóhannsdóttir, umboðsmaður Hertz á Ísafirði. Þau eiga 3 börn.

Ég flyt hér hjartans samúðarkveðjur frá Finneyju Finnbogadóttur og Ólafi en þau gátu ekki verið hér í dag.

Þau Hulda og Jón Páll reistu sér hús á Engjavegi 14. Hefur það verið heimili þeirra í sextíu ár. Þegar þau byrjuðu að byggja húsið þá var gatan, Engjavegurinn ekki nema að hálfu leyti tilbúinn og náði ekki alveg heim til þeirra. Húsin voru þá að teygja sig í átt að Engjaveginum. Hulda bjó fjölskyldu sinni mjög smekklegt heimili og í kringum húsið var og er fallegur garður, sem gamall skólabróðir Huldu hjálpaði þeim að skipuleggja.

Á miðopnunni í grafhljóðunum eru ljósmyndir af Huldu og börnunum. Efri myndin sýnir þau saman á skíðum, sem er mjög fjölskylduvæn íþrótt. Ekkert er eins yndislegt og fara upp á dalinn með nesti í góðu veðri, bruna niður hlíðina eða ganga upp á heiði. Neðri myndin er tekin á æskulóðunum í Ögurnesi.

Hulda starfaði um árabíl í kvenskátafélaginu Valkyrjunni. Þar var hún sveitarfóringi. Í samstarfi við Steinunni Einarsdóttur og fleiri skáta byggði hún gott skátastarf hér á Ísafirði. Og hún hætti ekkert í skátunum þó hún væri komin með börn. Einu sinni skáti, ávallt skáti. Til dæmis fóru þau Jón Páll á Úlfljótsvatn haustið 1961 á Gilwell námskeið. Þau tóku þátt í landsmótum og kynntu börnin sín fyrir þessu góða starfi. Oft var af þessum sökum mjög gestkvæmt á heimili þeirra, þegar skátafóringjar og leiðbeinendur komu í heimsókn til Ísafjarðar.

Jón Páll starfaði hjá Togarafélaginu Ísfirðingi hf og svo var hann framkvæmdastjóri Norðurtangans. Sökum starfa hans var oft gestkvæmt á heimili, sérstaklega hin fyrri árin, áður en Hótel Ísafjörður kom til sögunnar. Merkilegt hvað Huldu tókst alltaf að töfra fram mat og veitingar, enda þótt fyrirvarinn stundum enginn. Í minningu þessar yndislegu konu og frábæru húsmóðir bjóða ástvinir Huldu okkur til erfidrykkju í sal frímúrara að athöfn lokinni.

Slysavarnardeildin Iðunn minnst Huldu með virðingu og þökk fyrir öll hennar störf í þágu félagsins.

IV.

Hulda hugsaði um foreldra sína í elli þeirra. Þau áttu heima niðri í Tangagötu og Hulda leit til þeirra tisvar á dag til að létta undir með þeim. Eins leit hún til með tengdforeldrum sínum á elliárum þeirra.

Hulda var afskaplega trúföst og skyldurækin kona. Hún fjölskyldu sinni og börnum af ástúð og kærleika. Og að vissuleyti mætti segja að hún hafi fórnað sér fyrir þau því þessar skyldur þýddu auðvitað það að þessi lifsglaða konu gat ekki alltaf farið í ferðalög eða gert allt, sem hugur hennar stóð til. En þannig er kærleikurinn, hann fórnar sér fyrir aðra. Og það er gott að hafa þannig hjarta. Því það er með því að gefa og fórna, sem maður eignast dýrmætustu gjafir lífsins. Sú manneskja hefur aldrei verið til á Íslandi, sem hefur harmað það á dánarbeiði sínu að hafa ekki unnið nógu mikið, en sumir sjá eftir því að hafa ekki gefið sér meiri tíma með börnum og öðrum ástvinum. Þegar upp er staðið þá er mikilvægara í lífinu að láta hjartað ráða för heldur en pyngjuna. Hin sönnu auðævi lífsins og hamingja eru þau að hafa átt góða fjölskyldu, sjá börnin sín vaxa úr grasi og njóta lífsins með góðum vinum líkt og hún Hulda gerði. Hún er okkur öllum gott fordæmi.

Þegar börnin voru vaxin úr grasi fór Hulda aftur að vinna utan heimiliins. Vann hún hjá heilsugæslunni á Ísafirði, sem í þá daga var til húsa í Mjallargötu en svo flutti hún upp á nýja sjúkrahúsið þegar það var orðið tilbúið. Hulda vann á heilsugæslunni til ársins 1995 en þá hætti hún störfum.

Hún og Jón Páll voru þá búin að kaupa einn þriðja í jörð í Trostansfirði, sem gengur inn úr sunnanverðum Arnarfirði. Þar kom fjölskyldan sér upp sælureyt, sumarbústað í kjarri vöxnu umhverfi. Þar naut Hulda þess að vera á sumrin og taka á móti börnum sínum og barnabörnum.

Segja má að efri árin séu uppskerutími. Þá nýtur fólk ávaxtanna af iðju sinni og striti og nýtur þess að fylgjast með afkomendum sínum og þeirra lífsgöngu.

V.

Á þessu ári fór heilsu Huldu Pálmadóttur að hraka. Hún fór á hjúkrunarheimilið Eyri þar sem hún naut góðrar umönnunar, sem aðstandendur hennar eru þakklátir fyrir.

Enda þótt líkaminn væri farinn að gefa sig þá var Hulda áfram Hulda, alltaf jafn ljúf og jákvæð, ekkert neitt að henni, allir góðir við hana, lífið yndislegt. Í veikindum sínum sýndi mikið æðruleysi. Ekkert fékk raskað ró hennar. Það var eins og orð frelsarans úr Fjallræðunni væru inngreipt í huga hennar: *Hyggið að liljum vallarins. Segið því ekki áhyggjufull: Hvað eigum vér að eta? Hvað eigum vér að drekka? Allt þetta stunda heiðingjarnir og yðar himneski faðir veit að þér þarfnist alls þessa. En leitið fyrst ríkis hans og réttlætis, þá mun allt þetta veitast yður að auki.*

Hulda Pálmadóttir kvaddi þenna heim þann 30. október síðastliðinn. Hún fékk hægt og friðsamt andlát umkringd ástvinum sínum. Blessuð sé minning góðrar konu.

Kista hennar verður í lok athafnar flutt inn á Réttarholt en þar fær hún sitt hinsta leg i faðmi fjalla blárra.

Í lífinu hér á jörðu eigum við að leita ríkis Guðs og réttlætis. Það gerum við með því að trúa á hann og lifa samkvæmt kærleiksboðskap Jesú Krists, lifa eins og til dæmis Hulda sjálf gerði, kunna að gleðjast með góðum vinum, þjóna fjölskyldu sinni og vinna samfélaginu gagn. En svo þegar við deyjum þá snýst þetta við. Þá kemur guðsríkið til okkur. Jesús kemur sjálfur og leiðir hina látnu inn í eilíft ríki sitt. Og þá verður fortíðin hluti af núinu, framtíðin verður þar einnig, allt ein andrá í ljósveröld engla. Þar óma himneskir tónar. Fegurð, hvíld, friður. Í von og vissu um upprisu og eilíft líf hjá Guði kveðjum við hér í dag og segjum: Dýrð sé Guði, föður og syni og heilögum anda. Svo sem var í upphafi, er og verður um aldir alda. Amen.

Fyrirbæn og Faðir vor

Miskunnsami Guð, við þökkum þér fyrir ævi hennar Huldu Pálmadóttur, fyrir allt það sem hún gerði fyrir okkur og var okkur. Blessaðu minningarnar um góða og gegnheila konu. Ver með ástvinum hennar öllum. Styrk þau er hér kveðja. Send þeim þinn heilaga anda, huggarann, sem leiðir okkur í sannleikann um lífið og eilífðina. Í Jesú nafni segjum við öll saman af hjarta: Faðir vor